



765. fundur

Árið 2021, er fundur haldinn í stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum miðvikudaginn 20. janúar, kl. 8:00 á skrifstofu Sambands sveitarfélaga á Suðurnesja, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbær.

Mætt eru: Jóhann Friðrik Friðriksson, Ingþór Guðmundsson, Laufey Erlendsdóttir, Hjálmar Hallgrímsson og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Jóhann Friðrik Friðriksson setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn.

Dagskrá:

- 1. Stöðuskýrsla frá Félagsmálaráðuneytinu, v. vinna viðbragðs- og uppbyggingarteymis á árinu 2020.**
Lagt fram til upplýsinga en í skýrslunni er að finna góða samantekt frá teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar Covid19.
- 2. Byggðamálaráð – fundargerð nr. 14, dags. 7.janúar 2021.**
Lagt fram.
- 3. Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna – erindi frá Suðurnesja vettvanginum, e.d., um Hringrásarhagkerfi á Suðurnesjum.**
Stjórn S.S.S. tekur vel í erindið og felur framkvæmdastjóra að skoða í samráði við framkvæmdastjóra Kölkú og aðra hagaðila hvort þessi verkefni gætu fallið að áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Suðurnesja.
- 4. Sóknaráætlun Suðurnesja – áhersluverkefni 2021.**
Kristján Hjálmarsson, Dagný Gísladóttir og Eyþór Sæmundsson kynntu fyrir stjórn þau verkefni sem unnin hafa verið í tengslum við „ Góðar sögur“. Stjórnin þakkar góða kynningu.

Gert er ráð fyrir því heildarframlög til Sóknaráætlunar Suðurnesja verði rúmar 105 mkr. á árinu 2021. Nú þegar hefur verið úthlutað 84,1 mkr. í uppbyggingarsjóð og áhersluverkefni. Gert er ráð fyrir því að verkefni í lið 3. í fundargerð verði fjármagnað að hluta til úr Sóknaráætlun Suðurnesja.

J. Friðriksson *Ingþór Guðmundsson* *Laufey Erlendsdóttir*
Hjálmar Hallgrímsson *Berglind Kristinsdóttir*



SAMBAND SVEITARFÉLAGA
Á SUÐURNESJUM

Skógarbraut 945 • 235 Reykjanesbær • Kt. 640479-0279
Sími 420 3288 • Netfang sss@sss.is

5. Fundargerð Heklnnar nr. 81, dags. 8. janúar 2021.


Lagt fram til kynningar. Framkvæmdastjóri verður athygli á lið nr. 2 í fundargerðinni en gert er ráð fyrir fundur með atvinnulífnum á Suðurnesjum verður haldinn föstudaginn 29. janúar, kl. 9:00. Fundurinn verður haldinn í fjarfundi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:00.


Jóhann Friðrik Friðriksson


Laufey Erlendsdóttir


Hjálmar Hallgrímsson


Ingbór Guðmundsson


Berglind Kristinsdóttir